

Sigurjóni Jóhannesson

O d d v i t i S e l f o s s h r e p p s, Selfossi,

gjörir kunnugt: Með bréfi þessu er hr. Sigurjóni Jóhannessonni, bifvé
virka, Selfossi, hér, samkvæmt ályktun hreppsnefndar Selfoss-
hrepps, dags. 17/3 1951 leigð lóð úr lendum hreppsins á Selfossi,
við Snáratún 11 til þess að byggja á henni íbúðarhús,
með þeim skilmálum, er hér greinir:

1. Lóðin er að flatarmáli ~~675.5-sexhundr. sjötufínum 1/2~~ fermetrar,
og er lega hennar, lögum og takmörk eins og sýnt er á uppdrætti
hr. Bjarna Pálssonar þeim er hér með fylgir.
2. Lóðin er leigð frá 1. júlí 1951 til ársloka 1954
3. Ársleiga af lóðinni skal vera 15- fimmtán- aurar fyrir hvern fermet
eða kr. ~~101.25-eitthundraðogein 25/100 krónur~~,
fyrir alla lóðina. Leigan greiðist leigusala fyrirfram fyrir 31.
janúar ár hvert, fyrir árið sem í hönd fer.
4. Sé leigan ekki greidd áður en 1- einn- mánuður er liðinn frá
gjaldþaga, skal leigutaki greiða hreppssjóði dráttarvexti, er
nemi 1- einni krónu af hverju hundraði króna, fyrir hvern mánuð
eða hluta mánaðar, sem líður frá gjaldþaga, unz leigan er að
fullu greidd. - Fyrir lóðarleigu, svo og dráttarvöxtum, er lög-
taksréttur samkv. lögum frá 16. desember 1885.
5. Leigutaki skal hafa byrjað á byggingu íbúðarhúss á hinni leigðu
lóð eigi síðar en 6- sex- mánuðum eftir dagsetningu þessa leigu-
samnings og hafa húsið íbúðarhæft 1- einu- ári eftir dagsetn-
ingu hans, ella fellur samningurinn úr gildi.
6. Leigutaki greiði alla opinbera skatta og gjöld, sem lögð kunna
að verða á hina leigðu lóð.
7. Þegar leigutíminn er útrunninn, er leigutaka heimilt að endurnýja
samninginn. En náist ekki samkomulag um leiguna, skal hlíta gerðar-
dómi, þannig skipuðum, að hvor aðili velur einn mann, en sýslu-
maður Árnessýslu skipar oddamann.
8. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóð-
inni, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, er á henni verða gjörð.
Réttur veðhafa til veðsins skal haldast óskertur að öllu leyti,
þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, er hann hefur undir-
gengist gagnvart lóðareiganda með samningi þessum.
9. Vilji leigutaki selja eignir sínar á lóðinni, á leigusali for-
kaupsrétt að öðru jöfnu.
10. Leigutaki greiði stimpil- og þinglestrargjaldið af samningi þessum.
11. Af samningi þessum eru gjörð og undirrituð 3 - þrjú - samrit,
eitt til handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Selfossi, 14. mart 1952
ODDVITI SELFOSSHREPPS
Olafur


Samþykktur öllum greinum ofanritaðs samnings sem leigutaki.

Selfossi, 14. mart 1952

V o t t a r :

Gísli Þjarnarson
Sigurjetóla Þjarnarson

Sigurjóni Jóhannesson



Smáratún

Uppdráttur af Tóðinni

Smáratún II, Selfosst.

Stærð 19.3 x 35m = 675.5 m²

Selfosst. 5. des 1951

Bjarni Pálsson